

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 62/2008

frá 6. júní 2008

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 46/2008 frá 25. apríl 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/141/EB frá 22. desember 2006 um ungbarnablöndur og stoðblöndur og um breytingu á tilskipun 1999/21/EB ⁽²⁾.
- 3) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2006/141/EB fellur úr gildi tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 91/321/EBE, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum ⁽³⁾.
- 4) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

XII. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Brott falli texti liðar 54a (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 91/321/EBE).
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54w (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/21/EB):
„– **32006 L 0141**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/141/EB frá 22. desember 2006 (Stjtið. ESB L 401, 30.12.2006, bls. 1).“
3. Eftirfarandi bætist við á eftir lið 54zzzu (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1925/2006):
„54zzzv. **32006 L 0141**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/141/EB frá 22. desember 2006 um ungbarnablöndur og stoðblöndur og um breytingu á tilskipun 1999/21/EB (Stjtið. ESB L 401, 30.12.2006, bls. 1).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 223, 21.8.2008, bls. 40, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 52, 21.8.2008, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 401, 30.12.2006, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 175, 4.7.1991, bls. 35.

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Eftirfarandi undirliðir bætist við í 11. gr.:
 - *á íslensku*: „Ungbarnablanda“ og „Stoðblanda“,
 - *á norsku*: „morsmelkerstatning“ og „tilskuddsblanding“.
- b) Eftirfarandi undirliðir bætist við í 12. gr.:
 - *á íslensku*: „Ungbarnamjólk“ og „Mjólkurstoðblanda“,
 - *á norsku*: „morsmelkerstatning basert på kumelk“ og „tilskuddsblanding basert på kumelk“.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2006/141/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. júní 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. júní 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.